



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2020

Efni: Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um Orkusjóð

Samtök iðnaðarins (SI) vísa til máls nr. 15/2020, og birt er á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um Orkusjóð. Eins og fram kemur í umfjöllun um málið inni á gáttinni er með drögunum lagt til að sérlög verði sett um starfsemi Orkusjóðs með það að markmiði styrkja stoðir hans. Þá er í drögunum þær breytingar helstar frá núverandi regluverki Orkusjóðs að hlutverk sjóðsins er skilgreint nánar. Er sú viðbót lögð til að Orkusjóður skuli einnig styðja við verkefni sem stuðla að orkuöryggi og samkeppnishæfni á sviði orkumála og orkutengd verkefni á grundvelli orkustefnu, nýsköpunarstefnu, byggðastefnu og stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

SI hafa kynnt sér fyrirbyggjandi drög og telja samtökin þær breytingar sem lagðar eru þar til vera til bóta hvað varðar starfsemi Orkusjóðs, hlutverk hans og verkefni. Telja SI það vera jákvætt skref fram á við að víkka hlutverk hans að teknu tilliti til þeirra nýmæla sem fram koma í drögunum og getið var um hér að ofan. Með þeirri breytingu er m.a. verið að aðlaga starfsemi og hlutverk sjóðsins að fyrirmyndum slíkra sjóða erlendis og má hér nefna hinn norska sjóð Enova sem dæmi.

Þá eru boðaðar breytingar einnig til samræmis við aukna áherslu og samstarf stjórnvalda og atvinnulífs hvað varðar loftslagsmál og grænum lausnum á vettvangi Grænvangs. Í því ljósi fagna SI þeim áherslubreytingum sem lagðar eru til hvað varðar styrkhæf verkefni.

SI telja hins vegar mikilvægt með gagnsæi í stjórnsýslu að leiðarljósi að bætt verði við ákvæði á þá vegu að Orkusjóði verði gert að birta opinberlega árlega skýrslu um starfsemi sjóðsins og úthlutun styrkja til verkefna. Vísast hér m.a. til framkvæmdar Enova í Noregi þar sem sá sjóður gefur út árlega greinargóða skýrslu um starfsemi þess sjóðs, áherslur hans og úthlutun styrkja svo dæmi séu tekin, en slíka skýrslu má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <https://www.enova.no/about-enova/>. Eins og fyrr segir myndi slíkt ákvæði um opinbera skýrslugjöf tryggja gagnsæi í stjórnsýslu sem og faglega umfjöllun um verkefni og starfsemi Orkusjóðs.

Að öðru leyti gera SI ekki frekari athugasemdir um fyrirbyggjandi drög að frumvarpi að svo stöddu máli. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Lárus M. K. Ólafsson
Viðskiptastjóri